



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**146. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 8. maí 2026
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Lovísa Björg Traustadóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu - 2506005

Árið 2025 vann Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins samantekt á stöðu tjaldsvæða á höfuðborgarsvæðinu. Þá var núverandi staða greind og lagt mat á framtíðarþarfir. Niðurstöður greiningarinnar voru kynntar á 139. fundi svæðisskipulagsnefndar þann 13. júní 2025. Í janúar síðastliðnum var haldin vinnustofa með hagaðilum um framtíð tjaldsvæða á höfuðborgarsvæðinu.

Gestir

Inga Hlín Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins -
Inga Hlín Pálsdóttir kynnti niðurstöður vinnustofunnar og tók þátt í umræðum.

Svæðisskipulagsnefnd telur mikilvægt fyrir höfuðborgarsvæðið að hér sé boðið upp á næg og fjölbreytt tjaldsvæði. Nefndin samþykkir að verkefnið verði kynnt fyrir fagráði SSH og aftur fyrir nýrri nefnd að loknum kosningum.

2. Almennavarnir höfuðborgarsvæðisins - Hættumat - 2202004

Í kjölfar aukinnar eldvirkni á Reykjanesskaga og jarðhræringa í og við Grindavík í nóvember 2023 var kallað eftir uppfærðu hættu- og áhættumati vegna eldgosavár fyrir allan Reykjanesskaga.

Veðurstofa Íslands hefur nú gefið út fyrsta hluta langtímahættumats vegna hraunvár á Reykjanesskaga. Niðurstöður matsins geta nýst til að bera saman svæði, meta berskjöldun gagnvart hraunvá og styðja við ákvarðanir um skipulag, landnotkun og framtíðaruppbyggingu.

Gestir

Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri Almennavarna höfuðborgarsvæðisins -
Jón Viðar Matthíasson kynnti niðurstöður hættumatsins og tók þátt í umræðum.

3. Gönguvæn borg 2036 - Stefna og aðgerðaráætlun - 2604004



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar kynnti nýlega til samráðs drög að stefnu og aðgerðaráætlun um gönguvæna borg.

Gestir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, samgöngustjóri hjá Reykjavíkurborg -

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir kynnti stefnuna og tók þátt í umræðum.

4. Græni stígurinn - 2301008

Á 112. fundi svæðisskipulagsnefndar dags. 9. desember 2022 var samþykkt að vinna frumgreiningu á legu græna stígsins, sem skilgreindur er í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Á 122. fundi svæðisskipulagsnefndar, þann 8. desember 2023, var skýrslan „Græni stígurinn. Frumgreining“, dags. 14. nóvember 2023, lögð fram og samþykkt. Einnig var lagt fram og samþykkt að nefndin hvetti aðildarsveitarfélög til að innleiða legu græna stígsins í skipulagsáætlanir sínar. Þá var formanni og svæðisskipulagsstjóra falið að vinna áfram með Skógræktarfélagi Íslands að undirbúningi þess að merking og stikun græna stígsins gæti átt sér stað, í samráði við fagsvið sveitarfélaganna.

Á 126. fundi þann 12. apríl 2024 var lagt fram til kynningar minnisblað þáverandi svæðisskipulagsstjóra dags. 8. apríl 2024 um stöðu málsins.

Fyrirliggjandi til kynningar er erindi Skógræktarfélags Íslands til stjórnar SSH dags. 27. febrúar 2026. Einnig er lagt fram að nýju minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 8 apríl 2024.

Svæðisskipulagsstjóra var falið að senda erindið til sveitarfélaganna.

5. Svæðisskipulagsnefnd - umsagnir við skipulagsáætlanir í sumarhléum nefndarinnar - 2003003

Bent er á að á 112. fundi nefndarinnar þann 9. desember 2022 var eftirfarandi verklagsregla samþykkt:

Í sumarhléum nefndarinnar getur svæðisskipulagsstjóri skilað inn umsögnum við skipulagsáætlanir sem eru þá merktar „umsögn svæðisskipulagsstjóra.“ Þær skulu lagðar fram til kynningar á fyrsta fundi nefndarinnar eftir sumarhlé.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.